

16. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði, 11.08 2015, kl. 13.30

Mætt eru til fundar Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson, Þorvarður Ingimarsson, Gunnar Gunnarsson 1. varamaður. Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður er væntanleg. Anna Jóna Árnarsdóttir og Eiríkur Kjerúlf boðuðu forföll.

Oddviti setti fund kl. 14.45 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Skýrsla oddvita

2. Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis

- a) Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 22.06
- b) Umsögn Minjastofnunar, dags. 27.07

3. Eignasafn Fljótsdalshrepps, fjárfestingastefna

4. Skipulagslýsing, Geldingafell, umsagnir

- a) Skipulagsstofnun dags. 10.07
- b) Minjastofnun Íslands dags. 21.07, Umhverfisstofnun dags. 04.08, Vegagerðin, tölvup. 14.07

5. Laugargarður ehf

Ársreikningur 2014

6. Bréf

- a) Öryrkjabandalag Íslands, dags. 21.07
- b) Helgi Hallgrímsson, dags. 09.07

7. Umhverfisstyrkir

- a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt
- b) Birna Sigurbjörnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson, Hóli
- c) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri

8. Fjárbeiðnir

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs

9. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 10.07
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 28.05 og 08.07, ásamt fjárhagsáætlun 2016 og skiptingu rekstarframlaga milli aðildarsveitarfélaga.

10. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

11. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Lárus varaoddviti annaðist afleysingu fyrir oddvita 27.07-03.08.

Vinnuskólinn hefur lokið störfum þetta sumarið. Kuldi og vætutið settu úr skorðum ýmislegt sem fyrirhugað var að gera s.s. halda áfram að mála tréverk í Melarétt. Óvissuferð vinnuskólans var að þessu sinni farin í sjóstöng á Seyðisfjörð og fiskaðist ágætlega.

Ekki hefur verið hægt að hefja framkvæmdir við að koma fyrir starfsmannahúsi við Laugarfellsskála vegna bleytu.

Fínna yfirborðslag hefur verið lagt á hluta reiðvegar milli Végarðs og Skriðuklausturs, en ábendingar höfðu borist um að reiðvegurinn væri svo grófur að hestamenn forðuðust að fara þar um á hestum.

Undirbúningur Fljótsdalsdags þann 23.ágúst er hafinn og gert ráð fyrir að hluti dagskrár, seinni partinn, verði að þessu sinni við Óbyggðasetur í Norðurdal. Fyrir hádegi verður boðið upp á skoðunarferðir í stöðvarhús Fljótsdalsstöðvar og hefðbundin dagskrá með tónleikum verður á Skriðuklaustri, svo eitthvað sé nefnt.

Skilti við Végarðsafleggjara sem fauk fyrr á árinu og týndist, hefur verið endurnýjað.

Mannvit hefur unnið drög að útboðs- og verklýsingu sameiginlegs sorphirðuútboðs Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar, drögin eru til yfirlestrar og stefnt að því að útboðið fari fram í haust og nýtt fyrirkomulag taki gildi um næstu áramót. Fljótsdalshreppur hefur því sagt upp sorphirðusamningi við Íslenska Gámafélagið, en samningurinn var með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Ábending barst um að ljósleiðarstrengur í Hengifossá væri sýnilegur, þ.e. rörið. Rafstrengur Rarik og ljósleiðari Fljótsdalshrepps liggja, að talið er saman í röri yfir ána. Grafið hefur frá rörinu á stuttum kafla. Stefnt er að því að lagfæring fari fram þegar grafa verður á svæðinu við frágang vatnslagnar, en beðið er eftir dælu í borholuna, svo hægt verði að ljúka framkvæmdum

Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um málsmeðferð og gagnakröfur sem tilgreindar eru í flokki C í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt útgefnu fasteignamati Þjóðskrár Íslands (tekur gildi 31.12 2015 og gildir fyrir árið 2016), hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi, um 2%.

Inkasso innheimtufyrirtæki býður Fljótsdalshreppi upp á þjónustu sína.

Landsnet áformar að halda opinn kynningarfund í ágústmánuði, um kerfisáætlun og umhverfisskýrslu.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Kirkjugarðaráð hafa skrifað undir viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði o.fl.

Vegagerðin ætla að koma upp vegvísi að Hengifossi við vegamót neðan Hjarðabóls.

Landsvirkjun hefur gefið út skýrsluna LV-2015-056 Háslón, sethjallar og rofsaga.

2. Tillaga að deiliskipulagi Hengifossvæðis

- a) Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 22.06. Kynnt.
- b) Umsögn Minjastofnunar, dags. 27.07. Kynnt.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti þann 05.05 2015, að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hengifossvæðið, skv. 1. mgr.41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Tillagan sem sett var fram á uppdrætti og greinargerð dags. 30.04 2015, var auglýst frá 15.05 2015 og frestur til að skila inn athugasemdum var til 01.07 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Vegagerðinni dags. 29.05,

Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 18.06, Minjastofnun Íslands. dags. 27.07

Umhverfisstofnun dags. 22.06 og Philip Vogler dags. 08.07. Fyrir liggur eftirfarandi tillaga að svörum við framkomnum athugasemdum :

Vegagerðin

- Samráð verður haft við Vegagerðina um að leita leiða til þess að byggja göngubrú utaná núverandi brú, líkt og sýnt er á uppdrætti. Einnig verði skoðuð lækkun hámarkshraða á vegi neðan við bílastæðin og/eða sett upp skilti sem vara við gangandi umferð.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands, HAUST

- Ábending hvað varðar ítarlegri hreinsun skólps á ekki við þar sem neytlvatnsból hefur verið fært yfir ána.
- Ábendingar HAUST verða hafðar til hliðsjónar við framkvæmdir á svæðinu og hönnun vatns- og fráveitumannvirkja munu taka mið af þeim. Kaflar 2.2.4 og 3.4.1 hafa þegar tekið á þeim atriðum sem HAUST tiltekur.

Minjastofnun Íslands

- Ábendingum Minjastofnunar um helgunarsvæði fornminja og leyfisskyldu við gerð stígs hjá réttinni verði komið í greinargerð, kafla 3.3.1.
- Í greinargerð verður vísað í umsögn Minjastofnunar og Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags við Hengifoss í Fljótsdal, höf. Byggðasafn Skagfirðinga 2015/153, Guðný og Bryndís Zoëga.

Philip Vogler

- Stígur og brú verða færð á uppdrætti fjær gilbrún Litlanesfoss, til samræmis texta í greinargerð 3.3.1.
- Hvorki verður gert ráð fyrir stíg upp fyrir Hengifoss að þessu sinni né reiðleið þar fyrir ofan. Né heldur verður gert ráð fyrir sérstakri tengingu deiliskipulagssvæðisins við göngustíg umhverfis Fljótið, þar sem hugmyndir um göngustíginn eru lítt mótaðar.
- Fallist er á að áhrif stígagerðar á gróður á svæðinu verði jákvæðar en ekki neikvæðar, líkt og túlka má niðurstöðu kafla 4. Verður lagfært.
- Aðrar ábendingar Philips, er varða skiltagerð og öryggi gesta, verða hafðar til hliðsjónar við framkvæmdir á svæðinu.

Umhverfisstofnun

- Ekki verði gerð breyting á staðsetningu fyrirhugaðs bílastæðis þar sem mannvirkni mun ekki rýra aðgengi almennings að ánni og svæðið er mikilvægt til þess að anna fjölgun gesta á svæðið. Landið sem fer undir bílastæði er að hluta manngerður leiðigarður fyrir brú á Þjóðvegi og því ekki um að ræða að sjónrænum áhrifum árinna sé spillt. Ennfremur fellur bílastæðið undir undanþáguákvæði sem varðar samgöngumannvirki í gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Ábendingar Umhverfisstofnunar verða hafðar til hliðsjónar við framkvæmdir á svæðinu og hönnun vatns- og fráveitumannvirkja taka mið af þeim.

Fornleifaskýrsla hefur verið unnin fyrir svæðið .

Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps fjallaði um deiliskipulagstillöguna á fundi 13.04 2015.

Með vísan í 41. og 42. gr. skiplagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagstillöguna og tillögu að svörum við athugasemdum og felur oddvita að svara þeim er sendu inn athugasemdir og að senda Skipulagsstofnun tillöguna til meðferðar, ásamt athugasemdum og svörum.

Anna Bryndís kom á fundinn 14:30.

3. Eignasafn Fljótsdalshrepps, fjárfestingastefna.

Kynnt og oddvita falið að skrifa undir viðauka við fjárfestingarstefnu safnsins.

4. Geldingafell, umsagnir

- a) Skipulagsstofnun dags. 10.07. Kynnt.
- b) Minjastofnun Íslands dags. 21.07, Umhverfisstofnun dags. 04.08, Vegagerðin, tölvup. 14.07. Kynnt.

Skipulagslýsingin hefur verið auglýst, send til umsagnar umsagnaraðila og kynnt almenningi. Umsagnarfrestur var til 02.08 2015.

Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps fjallaði um skipulagslýsinguna á fundi 10.07 og gerir ekki athugasemdir.

Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni. Umsögn hefur ekki borist frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, sem er einn umsagnaraðila.

Umsagnir kynntar og verða þær til úrvinnslu við gerð deiliskipulagstillögu fyrir umrætt svæði.

5. Laugargarður ehf

Ársreikningur 2014 . Engin starfsemi var í félaginu á árinu. Ársreikningur kynntur , samþykktur og undirritaður.

6. Bréf

- a) Öryrkjabandalag Íslands, dags. 21.07. Hvatning til sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila að huga að aðgengi fatlaðs fólks að ferðasalernum. Kynnt.

- b) Helgi Hallgrímsson , dags. 09.07. Varðar útgáfu Fljótsdælu. Kynnt.

Þorvarður yfirgaf fundinn 15:20 , vegna heyanna.

7. Umhverfisstyrkir

- a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Sótt er um endurnýjun umhverfisstyrks frá 2013. Samþykkt.
- b) Birna Sigurbjörnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson, Hóli. Sótt um breytingu á umhverfisstyrks umsókn frá 2014. Samþykkt.
- c) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

8. Fjárbeiðnir

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Samþykktur 30.000 kr styrkur vegna gönguleiks FFF 2015.

9. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 10.07.

Liður 1. Laugafell starfmannahús. Samþykkt stöðuleyfi til eins árs.

Liður 4. Sumarhús Langhúsum. Samþykkt byggingaleyfi.

Liður 6. Fjárhúsbygging Melum. Samþykkt byggingaleyfi.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslur nefndarinnar. Fundargerðin kynnt að öðru leiti.

- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 28.05 og 08.07, ásamt fjárhagsáætlun 2016 og skiptingu rekstarframlaga milli aðildarsveitarfélaga. Fundargerðir kynntar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti fjárhagsáætlun safnsins fyrir 2016. Áætlaður hlutur Fljótsdalshrepps til reksturs safnsins árið 2016 verður 540.057 kr..

10. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs

Gunnþórunn kosin oddviti með þremur atkvæðum, Þorvarður fékk eitt atkvæði. Lárus kosin varaoddviti með 3 atkvæðum og Þorvarður fékk eitt atkvæði.

11. Önnur mál

- a) Tour de Ormurinn fer fram laugardaginn 15 ágúst. Fljótsdælingar eru hvattir til að skapa góða stemmingu og hvetja keppendur. Gert er ráð fyrir að hjólreiðamenn verði á ferð í sveitarfélaginu á bilinu 10:00 til 13:00.
- a) Samþykkt að kaupa loftmyndir af Hengifossvæðinu. Áætlaður kostnaður um 100.000 kr..
- b) Tilnefning fulltrúa á aðalfund SSA 2-3 október. Oddviti verður aðalmaður og varaoddviti til vara.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:10

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)